

Reykjavík, 28. október 2019

R19100423

1210

TRÚNAÐARMÁL

Borgarráð

Gjalddagar fasteignaskatta og lóðarleigu árið 2020

Lagt er til að gjalddagaskipting fasteignagjalda fyrir árið 2020 verði eftirfarandi:

Greiðendur fasteignagjalda skulu gera skil á fasteignagjöldum ársins 2020 með 9 jöfnum greiðslum á eftirfarandi gjalddögum: 1. febrúar, 2. mars, 4. apríl, 3. maí, 1. júní, 5. júlí, 2. ágúst, 1. september og 3. október.

Þá er lagt til að nemi álagning fasteignagjalda 25.000 kr. eða lægri fjárhæð á fastanúmer greiði gjaldendur þau með einum gjalddaga þann 1. febrúar.

Lagt er til að gjalddagar krafna vegna framkvæmdar afsláttar til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi verði 1. nóvember, 5. desember og 2. janúar.

Lagt er til að þeir sem eiga inneignir fái þær greiddar út 5. nóvember 2020.

Greinargerð:

Sveitarstjórn ákveður fjölda gjalddaga fasteignaskatts skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Þar segir einnig að sveitarstjórn sé heimilt að ákveða að skatturinn greiðist allur á einum gjalddaga ef álagning er undir tiltekinni fjárhæð. Skv. 5. mgr. sömu greinar er eindagi fasteignaskatts 30 dögum eftir gjalddaga. Tillagan felur í sér óbreytta skipan mála frá fyrra ári 2019.

Dagur B. Eggertsson